



Þjónustuhundur ársins 2012

Belgíski fjárhundurinn (malinois) Freyja

Lindjax Cilla, IS09950/06

Þjónustuhundur ársins er belgíski fjárhundurinn (malinois) Freyja.

Freyja sem er sjö ára var gjöf frá lögreglunni í Gautaborg til stjórnanda og eiganda hennar Höskuldar Birkis Erlingssonar lögregluvarðstjóra á Blöndósi. Hún var þjálfuð hjá norsku tollgæslunni í eitt ár áður en hún kom til landsins árið 2006. Á Íslandi hefur Freyja verið þjálfuð sem fíkniefnaleitarhundur og staðist öll próf árlega en það þarf hún að gera til að viðhalda starfsleyfi sínu. Freyja hefur einnig verið þjálfuð í sporaleit og var lengi á útkallslista sem sporhundur. Starfsstöð Freyju er hjá lögreglunni á Blönduósi og hefur hún leitað í ófáum bílum á því svæði. Við hefðbundið umferðareftirlit lögreglunnar á Blöndósi hefur Freyja verið notuð við fíkniefnaleit við góðan árangur. Hún hefur einnig verið notuð til að leita í skólum, húsum, flugvélum og skipum. Höskuldur og Freyja hafa verið send víðsvegar um landið í verkefni en mikið samstarf er á milli lögreglunnar á Norðurlandi þar sem hún hefur mest starfað.